

**1. fundur Skólaráðs – 30.október 2018.**

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Berglind Ýr Karlsdóttir, fulltrúi foreldrafélags, Hrönn Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra, Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, fulltrúi greindarsamfélags var ekki mætti, Tara Ósk Markúsdóttir nemandafélagið, Guðmundur Pétur Dungal nemandafélagið, Margrét B. Gunnarsdóttir og Birna Dís Bjarnadóttir, fulltrúar kennara, Svanhvít Valery, fulltrúi starfsmanna, Anna Kristín Jóhannesdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá – fundartími og starfsáætlun.

1. Farið yfir dagskrá vetrarins í grófum dráttum og starfsáætlun ákveðin
  2. Fundir verða á þriðjudögum kl 8:10 skv. starfsáætlun ráðsins en verða alltaf boðaðir með fyrirvara annars verða þeir ekki á áætluðum tíma.
  3. Rætt um skólaping – lýðræðisnefnd. Unglingadeildin var með skólaping í haust, ætlum að ræða það betur síðar á skólaráðsfundi.
  4. Viðburða- og skóladagatal komið inn á heimasíðu skólans, kennsluáætlanir eru rétt ókomnar inn á heimsíðuna.
  5. Rætt um starfsmannahald vetrarins og þau teymi sem eru starfandi í skólanum.
  6. Haustfundir og námskynningar voru að kvöldi til í unglingadeildinni í haust og kom vel út.
  7. Ný persónuverndarlög - skólinn fylgir því sem persónuverndarfulltrúi Hafnarfjarðar leggur til. Verið að hanna hin og þessi eyðublöð. Það helsta sem snýr að skólanum er að fá eyðublað sem snýr að myndatökum á nemendum. Skólinn búinn að loka Facebook síðu skólans.
- 8. Önnur mál**
9. Málefni Víðistaðaskóla í starfsstöðinni í Engidal
  10. Farið yfir bréf frá skólaráði varðandi starfsstöðina í Engidal. Lýsir skólaráðið yfir áhyggjum vegna vanúthlutunar í lykilstöður í Engidal. Farið er fram á 100% ráðningu ritara og 50% stjórnunarhlutfall deildarstjóra stoðþjónustu til að það séu a.m.k. tveir stjórnendur á starfsstaðnum.

Fleira var ekki rætt

Fundarritari Margrét B. Gunnarsdóttir